

## REGLUR

### um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2008.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2008 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2008.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrarreikna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2008 er sem hér segir:

Mjólk .....	49 kr. hver lítri
Egg .....	310 kr. hvert kg
Kartöflur .....	45 kr. hvert kg
Rófur .....	75 kr. hvert kg
Lambakjöt .....	375 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé .....	296 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé .....	200 kr. hvert kg
Ungnautakjöt .....	444 kr. hvert kg
Annað kjöt af nautgripum .....	399 kr. hvert kg
Folaldakjöt .....	234 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum .....	100 kr. hvert kg
Grísakjöt .....	315 kr. hvert kg
Annað svínakjöt .....	222 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir .....	346 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt .....	277 kr. hvert kg
Fiskur .....	200 kr. hvert kg

*Fjármálaráðuneytinu, 2. janúar 2008.*

F. h. r.  
**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingibjörg Helga Helgadóttir.*